

Framangreindur sjóveðréttur í m/s Nisse er viðurkenndur.
Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1963.

Nr. 2/1962.

Ingvar S. Ingvarsson

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Péturssyni f. h. Poul Rousseau

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Gizur Bergsteinsson
og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason og
Theodór B. Línðal.

Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. desember 1961. Krefst hann þess *aðallega*, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en að öðrum kosti verði málinu frestað í Hæstarétti og lagt fyrir héraðsdóm að veita aðiljum færi á að afla frekari gagna. *Til vara* krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Loks krefst hann, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, enda hefur vaxtatíma ekki verið andmælt sérstaklega.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Það er aðfinnsluvert, að af hálfu stefnda hefur ekki verið

gætt nægilega ákvæða 105. og 114. sbr. 116. gr. laga nr. 85/1936, en ekki þykir næg ástæða að láta galla þessa varða ómerkingu héraðsdómsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingvar S. Ingvarsson, greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni f. h. Poul Rousseau, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi var framkvæmdastjóri Glersteypunnar h/f, þá er atvik máls þessa gerðust. Dagana 13.—27. janúar 1954 var hann staddur í Belgíu í viðskiptaerindum við starfsstofnun P. Rousseau, er Glersteypan h/f átti kaup við. Greiddi P. Rousseau og málflutningsmaður þar, Caluwaert, f. h. P. Rousseau honum belgiska franka 15.000.00, og kvittaði áfrýjandi fyrir viðtöku þeirra. Guðmundur Pétursson hrl. sækir nú í máli þessu fyrir hönd P. Rousseau áfrýjanda til endurgreiðslu í belgiskum frönkum 8000.00, sem sé ógreiddur hluti nefndrar fjárhæðar, en hún hafi verið einkalán P. Rousseau til áfrýjanda. Í aðiljaskýrslu sinni fyrir dómi hefur áfrýjandi staðhæft, að hinir 15.000.00 belgisku frankar hafi verið greiddir upp í viðskipti starfsstofnunar P. Rousseau og Glersteypunnar h/f, en erindi hennar hafi hann í greindri ferð rekið við firmað P. Rousseau. Hann hafi heldur ekki endurgreitt úr sjálfs sín hendi belgiska franka 7000.00, eins og hæstaréttarmálflutningsmaðurinn heldur fram. Fyrir héraðsdómi krafðist áfrýjandi, sem gaf þar aðiljaskýrslu, að þeir P. Rousseau og Caluwaert kæmu fyrir dóm í heimalandi sínu og tjáðu sig

um sakarefnið. Eigi var samt gerður reki að þessu, þrátt fyrir það þótt tekinn væri frestur í því skyni. Lagði héraðsdómari loks eftir mikinn drátt málsins af hendi aðilja dóm á það, svo vanreifað sem rakið var.

Er mál þetta var flutt í Hæstarétti, veitti dómurinn aðiljum samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 kost á því að bæta úr vanreifun þess og afla skýrslna þeirra P. Rousseau og Caluwaert. Hinn stefndi hæstaréttarlögmaður neitaði að verða við þessari áskorun. Taldi hann skýrslusöfnun of kostnaðarsama, en um litla fjárhæð væri í málinu að tefla. Þar sem málið hafði þannig í héraði verið rekið andstætt 105., 114., 115. og 116. gr. laga nr. 85/1936 og eigi var tekin til greina áskorun Hæstaréttar samkvæmt 120. gr. sömu laga um að ráða bót á hinum ófullkomna málflutningi, vildi minni hluti Hæstaréttar ómerkja héraðsdóm og vísa málinu frá undirrétti. Nú hefur minni hlutinn verið borinn atkvæðum um þetta efni, og verður hann því að dæma málið efnislega, eins og það er í pottinn búið, sbr. 192. gr. laga nr. 85/1936.

Áfrýjandi kveðst hafa tekið við fjárhæð þeirri, sem deilt er um í málinu, upp í viðskipti starfsstofnunar P. Rousseau við Glersteypuna h/f. Þessi málsástæða áfrýjanda stangast við þá staðreynd, að hann kvittaði fyrir fjárhæðina í sjálfs sín nafni, en eigi nafni Glersteypunnar h/f. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnda um endurgreiðslu fjárhæðarinnar til greina.

Svo sem sagt var, hefur af hendi stefnda lítt verið sinnt ákvæðum IX. kafla laga nr. 85/1936 við flutning máls þessa. Ber því samkvæmt undirstöðurökum XII. kafla laganna að fella málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingvar S. Ingvarsson, greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni f. h. Poul Rousseau, belgiska franka 8000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1954 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþing Reykjavíkur 23. maí 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Guðmundur Pétursson hrl., Reykjavík, f. h. Poul Rousseau, Lodelinsart, Belgíu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28/2 1957, gegn Ingvari S. Ingvarssyni, Efstasundi 49, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð belgískir frankar 8.000.00, auk 6% ársvaxta frá 1/2 1954 til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar af láni, sem stefnandi hafi veitt stefnda, þegar stefndi dvaldi í Belgíu. Hafi lánið upphaflega numið belgískum frönkum 15.000.00, en sé nú að eftirstöðvum belgískir frankar 8.000.00.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu sem dskj. nr. 3 kvittanir, þar sem stefndi viðurkennir að hafa samtals tekið á móti belgískum frönkum 15.000.00 frá hr. Poul Rousseau.

Stefndi skýrir hins vegar svo frá málavöxtum, að í nóvember-mánuði 1953 hafi firmað P. Rousseau, Lodelinsart, Belgíu, afgreitt vörur til Glersteypunnar h.f. Hafi vörur þessar verið keyptar á ákveðnu f.o.b. verði í Antwerpen, en belgískt flutningafyrirtæki hafi annazt pökkun og útskipun varanna fyrir firma P. Rousseau. Af þessum sökum hafi lagzt töluverður auka-kostnaður á vörurnar, sem orðið hafi að greiða, áður en vörurnar hafi fengizt afhentar hér á Íslandi.

Flutningafyrirtækið hafi gert þetta samkvæmt fyrirmælum firma P. Rousseau. Af þessum sökum hafi lagzt töluverður auka-kostnaður á framangreindar vörur, sem firma P. Rousseau hafi átt að greiða.

Þegar stefndi hafi síðar dvalið í Belgíu vegna viðskipta Glersteypunnar h.f. við firma P. Rousseau, hafi firma P. Rousseau viðurkennt, að framangreind eftirkrafa hafi verið lögð á vörusendinguna, sem fyrr er getið, og bæri því að endurgreiða kostnaðinn. Síðan hafi firma P. Rousseau endurgreitt stefnda nokkurn hluta þessa kostnaðar eða samtals belgíska franka 15.000.00, sem hann hafi gefið skriflega staðfestingu fyrir, sem sé kvittanirnar á dskj. nr. 3. Kvittanir þessar hafi átt að vera bráðabirgðakvittanir samkvæmt umtali, þegar stefndi undirritaði þær, og hafi Poul Rousseau þá lofað að gera fullkomið reikningsyfirlit yfir þennan þátt viðskipta hans við Glersteypuna h.f.

Stefndi kveðst alls ekki hafa endurgreitt Poul Rousseau persónulega belgíska franka 7.000.00.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa tekið á móti þeim belgískum frönkum 15.000.00, sem um getur á dskj. nr. 3, og telur sig hafa gert það í janúar 1954.

Stefndi hefur kvittað fyrir móttöku fjárhæðar þessarar í sínu eigin nafni, en ekki Glersteypunnar h.f., og ekki hefur stefndi fært neitt það fram í máli þessu, sem renni stoðum undir þá staðhæfingu hans, að hann hafi tekið á móti fyrrgreindri fjárhæð f. h. Glersteypunnar h.f. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 1400.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingvar S. Ingvarsson, greiði stefnanda, Guðmundi Péturssyni f. h. Poul Rousseau, belgíska franka 8.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1/2 1954 til greiðsludags og kr. 1400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. nóvember 1963.

Nr. 72/1963. Sigurður Ingimundarson
(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
gegn
Oddfríði Ingólfssdóttur
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason og Theodór B. Línal.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1963 og krefst þess, að stefndi verði borinn út úr verzlunarhúsnæði því, sem hún notar í húsinu nr. 2